

Verklagsreglur Kraftlyftingasambands Íslands við val í landslið

Öll mót sem eru á mótaskrá IPF, EPF og NPF eru landsliðsverkefni og þátttaka í þeim er háð samþykki landsliðsnefndar KRAFT. Samskipti við landsliðsnefnd KRAFT fara fram á netfanginu coach@kraft.is

1. Í upphafi september ár hvert kallar landsliðsnefnd með tölvuskeyti til formanna aðildarfélaga KRA og Þjálfararáðs eftir tillögum um mönnun landsliðs Íslands fyrir komandi ár svo og tillögum að landsliðsverkefnum. Í upphafi maí kallar landsliðsnefnd á sama hátt eftir tillögum að breytingum / viðbótarverkefnum fyrir seinni hluta árs.
 2. Fyrir 15. september skulu félögin vera búin að senda inn sínar tillögur. Fyrir 1.júni skulu félögin vera búin að senda inn tillögur að breytingum fyrir seinni hluta árs. Skulu félög senda allar nauðsynlegar upplýsingar um keppendur, þar með talið hvernig þeir uppfylli þau skilyrði sem fram kom á í 3. gr. þessara reglna, sem og nánari rökstuðning ef óskað er eftir undanþágu sem heimilar eru samkvæmt reglum þessum.
 3. Skilyrði fyrir landsliðsþáttöku:
 - a. vera íslenskir ríkisborgarar.
 - b. hafa verið félagar í aðildarfélagi KRA í a.m.k. 12 mánuði fyrir mót. Hægt er að veita undanþágu frá þessu skilyrði ef um keppendur undir 18 ára aldri er að ræða.
 - c. hafa náð landsliðslágmörkum fyrir viðkomandi mót á tímabili 70 – 365 dögum fyrir upphaf móts.
 - d. hafa tekið þátt í, án þess að hafa fallið úr keppni, a.m.k. tveimur meistaramótum á mótaskrá KRA eða mótum sem viðurkennd eru af IPF á næstliðnu ári. Keppandi ber ábyrgð á að sýna fram á hvort umrætt mót uppfyllir þessi skilyrði ef upp kemur vafi. Í yngsta aldursflokki (undir 18 ára) má vera um tvö opin mót að ræða. Veita má undanþágu frá þessu skilyrði vegna sérstakra aðstæðna, svo sem ef meiðsl eða veikindi keppanda hafa hamlað þátttöku í mótum á liðnu ári.
 - e. hafa staðist lyfjaprófi innan 6 mánuða fyrir keppni.
 - f. hafa með orðum sínum og hegðun verið sjálfum sér og íþróttinni til sóma.
 - g. hafa skrifað undir landsliðssamningi.
 4. Landsliðsnefnd í umboði stjórnar fer yfir tillögurnar. Landsliðsnefnd boðar til samráðsfundar með Þjálfararáð KRA fyrir 15. október / 15. júní um skipan í liði keppenda og þjálfara.
 5. Fyrir 1.nóvember / 1.júlí skal landsliðsnefnd senda til stjórnar KRA tillögur sínar að landsliði og verkefnum til samþykktar. Tillögunni skal fylgja fjárhagsáætlun. Stjórn KRAFT hefur endanlegt úrskurðarvald um ágreiningsmál ef upp koma
 6. Landsliðsnefnd KRAFT gerir undirritaða samninga við landsliðsmenn og þjálfara samkvæmt framangreindum ákvörðunum.
 7. Fyrir 15.desember / 15.júlí skal birta upplýsingar um landslið og verkefni komandi árs/tímabils á kraft.is
 8. Valið er trúnaðarmál þar til það hefur verið birt á kraft.is
- Þannig samþykkt á stjórnarfundi KRA 14.september 2016 og í tölvuskeytum stjórnarmanna.